Umhverfisstofnun
Áb. SF BS
13 JAN. 2003
Tilv. UST20030100077

UST
Umhverfisstofnun

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

9. janúar 2003
BS

**Efni: Styrking sjóvarnargarðs milli Íragerðis 14 og Hásteinsvegar 18, Stokkseyri. Matsskylda**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 19. desember 2002 þar sem óskað er álits á matsskyldu ofangreindrar framkvæmdar.

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin hafi ekki umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér þar sem hér er verið að styrkja og endurgera garð sem fyrir er. Framkvæmdasvæðið er að mestu ofan fjörunnar sem er á náttúruminjaskrá. Ekki er ástæða til að ætla að henni verði raskað.

Umhverfisstofnun vill þó benda á að nauðsynlegt er að leita umsagnar stofnunarinnar sbr. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd þar sem fjaran við fyrirhugað framkvæmdasvæði er á náttúruminjaskrá.

Virðingarfyllst,

Helgi Jensson
forstöðumaður

Björn Stefánsson
sérfræðingur

Afrit: Siglingastofnun